

AUGLÝSING

um umferð og bifreiðastöður í Njarðvíkurhreppi í Gullbringusýslu.

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og stöður bifreiða í Njarðvíkurhreppi:

1. Bifreiðastöður eru bannaðar öðrum megin á neðanskráðum götum:
 - a. Þórustíg, vestan megin.
 - b. Holtsgötu, milli Borgarvegar og Bolafótar, austan megin.
 - c. Borgarvegi, milli Reykjanesbrautar og Sjávargötu, norðan megin.
2. Umferð vörubifreiða um áðurnefndar götur er bönnuð.
Reglur þessar taka gildi 1. nóvember 1971.
Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 25. október 1971.

Einar Ingimundarson.

AUGLÝSING

um bifreiðastöður í Hafnarfirði.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, eru hér með settar eftirfarandi reglur um stöður bifreiða í Hafnarfjarðarbæ:

Bifreiðastöður eru bannaðar við Linnetsstíg milli Strandgötu og Fjarðargötu NV-megin götunnar.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 25. október 1971.

Einar Ingimundarson.